

Handbók starfsfólks á panel Skautasambands Íslands

2023-2024



Skautasamband Íslands
www.iceskate.is

Icelandic Skating Association
info@iceskate.is

Efnisyfirlit

1	STIGAKERFI OG MENNTUN STARFSFÓLKS Á PANEL	3
1.1	ALMENNT	3
1.1.1	AÐ ÖÐLAST RÉTTINDI Á PANEL	3
1.1.2	FRAMGANGUR	3
1.1.3	GILDISTÍMI RÉTTINDA	3
1.1.4	ORÐSKÝRINGAR	4
1.2	DÓMARAR (REF, TC)	4
1.2.1	FÉLAGARÉTTINDI	5
1.2.2	GRUNNRÉTTINDI	5
1.2.3	ÍSS RÉTTINDI	5
1.2.4	LANDSRÉTTINDI	5
1.2.5	INTERNATIONAL RÉTTINDI	5
1.2.6	ISU RÉTTINDI	5
1.2.7	GRUNNPRÓFSRÉTTINDI	5
1.2.8	GRUNNRÉTTINDI YFIRDÓMARA (REF)	5
1.2.9	ÍSS RÉTTINDI YFIRDÓMARA (REF)	5
1.2.10	LANDSRÉTTINDI YFIRDÓMARA (REF)	5
1.2.11	GRUNNRÉTTINDI TÆKNISTJÓRNENDA (TC)	6
1.2.12	ÍSS RÉTTINDI TÆKNISTJÓRNENDA (TC)	6
1.2.13	LANDSRÉTTINDI TÆKNISTJÓRNENDA (TC)	6
1.3	TÆKNISÉRFRÆÐINGAR (TS)	6
1.3.1	GRUNNRÉTTINDI	6
1.3.2	ÍSS RÉTTINDI	6
1.3.3	LANDSRÉTTINDI	7
1.3.4	INTERNATIONAL RÉTTINDI	7
1.3.5	ISU RÉTTINDI	7
1.3.6	GRUNNPRÓFSRÉTTINDI	7
1.4	TÆKNIFÓLK (DRO)	7
1.4.1	GRUNNRÉTTINDI	7
1.4.2	LANDSRÉTTINDI	7
1.4.3	INTERNATIONAL RÉTTINDI	7
1.4.4	ISU RÉTTINDI	7
2	VANHÆFI	9
2.1	ALLT STARFSFÓLK Á PANEL	9
2.1.1	ÞJÁLFARAR, STARFSFÓLK OG IÐKENDUR FÉLAGA	9
2.1.1.1	Dómgæsla í flokkum sem þjálfað er í	9
2.1.1.2	Að hætta þjálfarastörfum	9
2.1.1.3	Starfsmenn sem einnig eru keppendur/fyrirverandi keppendur	9
2.1.1.4	Skráning félags starfsmanna	9
2.1.1.5	Að fylgja keppendum á mót	9
		1

2.2	DÓMARAR, REF, TC	10
2.2.1	DÓMARAR SEM EINNIG ÞJÁLFA EÐA KEPPA	10
3	<u>DÓMGÆSLA Í GRUNNPRÓFUM</u>	10
3.1	STARFSFÓLK Í PRÓFUM	10
3.1.1	SKYLDUR BEGGJA DÓMARA	10
3.1.2	SKYLDUR YFIRDÓMARA	10
3.1.3	SKYLDUR TÆKNISÉRFRÆÐINGS/-STJÓRNANDA	10
3.1.4	NAUÐSYNLEG SKJÖL	10
3.2	GOE FYRIR E, << OG V	11
4	<u>DÓMGÆSLA Í FÉLAGAKERFI</u>	11
5	<u>DÓMGÆSLA Í IJS</u>	11
5.1	FUNDIR OG ÆFINGAR	11
5.2	SKÝRSLUR	11

1 Stigakerfi og menntun starfsfólks á panel

1.1 Almennt

Stigakerfi starfsmanna ÍSS hefur það að markmiði að tryggja að starfsfólk á panel sé vel undirbúið fyrir verkið auk þess að virka hvetjandi til áframhaldandi þátttöku á mótum ÍSS.

Réttindum er skipt upp í þrjá hluta:

1. Dómararéttindi
2. Réttindi til að starfa sem tæknisérfræðingur (TS)
3. Réttindi til að starfa sem data replay operator (DRO)

Þeir sem öðlast hafa dómararéttindi geta svo bætt á sig réttindum sem yfirdómari og/eða sem tæknistjórnandi (TC).

Öllum þessum réttindum er skipt upp í stig, og fer það eftir stigi réttinda starfsmanns á hvaða mótum/prófum hann má starfa (sjá reglugerð 332). Til að öðlast réttindi af hærra stigi/halda réttindum þarf starfsmaður að uppfylla ákveðin skilyrði um vinnuskyldu, námskeið og próf.

ÍSS heldur námskeið í byrjun hvers tímabils. ÍSS ætlast til þess að starfsfólk á panel á lista þeirra sæki námskeiðið á hverju ári. Skráningar á námskeið ÍSS eru alltaf opnar og fara fram í gegnum heimasíðu ÍSS. Dagsetning námskeiðs er auglýst með amk. 4 mánaða fyrirvara.

Ný og uppfærð réttindi starfsfólks eru metin á Dómaranámskeiði ÍSS og skulu niðurstöður kunngerðar viðkomandi ekki seinna en tveimur dögum eftir að dómaranámskeiði lýkur. Listi yfir starfsfólk ÍSS skal birtur í síðasta lagi mánuði eftir lok Dómaranámskeiðs ÍSS.

1.1.1 Að öðlast réttindi á panel

Til þess að **sækja um ný réttindi** þarf viðkomandi að:

- Sækja námskeið ÍSS⁴
- Standast próf þeirra réttinda sem við á

1.1.2 Framgangur

Til þess að **færast upp á efra stig réttinda** þarf viðkomandi að:

- Starfa á panel¹ á amk. 3 ÍSS mótum² á nýliðnu tímabili (12 mánaða tímabil)
- Starfa á panel¹ á amk. 2 öðrum viðburðum^{2,3} á nýliðnu tímabili (12 mánaða tímabil)
- Sækja námskeið ÍSS⁴
- Standast próf þeirra réttinda sem við á

1.1.3 Gildistími réttinda

Til þess að **halda réttindum** sínum á milli tímabila þarf viðkomandi að:

- Starfa á panel¹ á amk. 2 ÍSS mótum² á síðustu tveimur tímabilum (24 mánaða tímabil)

¹ Æfingadómgæsla og þjálfun nýrri starfsmanna teljast með sem unnar stundir.

² Ef starfsmaður hefur tök á því að skila vinnuskyldu erlendis skal hann skrá það í starfsskýrslu og getur ÍSS tekið það til greina. Mót ÍSS skulu þó vera í forgangi ef þörf krefur.

- Starfa á panel¹ á amk. 1 öðrum viðburði^{2,3} á síðustu tveimur tímabilum (24 mánaða tímabil)
- Sækja námskeið ÍSS⁴

Uppfylli starfsmaður ekki einhverjar eða allar af þessum kröfum er nafn þeirra tekið af lista ÍSS yfir starfsfólk með gild réttindi.

Telji viðkomandi rétt að nafn hans haldist á lista ÍSS getur sá hinn sami beðið um undanþágu með því að senda röksemdafærslu í tölvupósti á taekninefnd@icekste.is í síðasta lagi einum mánuði eftir að ákvörðun um að réttindi falli úr gildi eru kunngerð.

Þó að réttindi falli úr gildi, tapast réttindi sem starfsfólk hefur aldrei. En sé viðkomandi frá störfum í 3 ár eða lengur og óskar þess að hefja aftur störf þarf að:

- Sækja námskeið ÍSS
- Sitja sem æfinga-dómari/tækniérfræðingur/DRO á að lágmarki 2 mótum* á því stigi sem starfað var á áður

*Hvert tilvik er einstaklingsbundið og skal miðað við hversu langur tími er liðinn frá því að störfum lauk, á hvaða stigi viðkomandi er, niðurstöður prófa á námskeiðum sem og umsögn yfirdómara á þeim mótum sem setið er.

1.1.4 Orðskýringar

ISU flokkar: ISU Advanced Novice, Junior og Senior.

ÍSS flokkar: Allir aðrir flokkar í Keppnislínu ÍSS.

SO/AS: Special Olympics/Adaptive Skating.

1.2 Dómarar (REF, TC)

Dómarar, yfirdómarar og tæknistjórnendur starfa samkvæmt reglum ISU. Hlutverk dómara er að meta gæði efnisþátta og elementa miðað við það keppniskerfi sem við á. Dómarar geta bætt við sig réttindum yfirdómara og/eða tæknistjórnenda. Yfirdómari er yfirmaður dómarampanels. Tæknistjórnandi er yfirmaður tæknipanel.

ÍSS sér um menntun íslenskra dómara. Nauðsynlegt er að dómarar hafi góða þekkingu á skautaíþróttinni og verði að minnsta kosti 16 ára á árinu til þess að þreyta próf.

Til að sækja dómaranámskeið ÍSS og sitja sem æfingadómari þarf viðkomandi að verða að minnsta kosti 15 ára á árinu.

Landsdómarar þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Í Keppnislínu ÍSS þurfa Dómarar undir 18 ára að vera amk. einu ári eldri en elsti keppandi í þeim flokki sem þeir dæma. Í sérstökum tilfellum getur ÍSS gert undanþágu á þessari reglu.

Nýir dómarar skulu sitja amk. eitt mót sem æfingadómarar áður en þeir dæma sitt fyrsta mót. Tækninefnd getur gert undanþágu frá þessari kröfu í undantekningartilfellum.

³ Aðrir viðburðir eru grunnpróf (haldin af ÍSS/öðru landssambandi eða félögum) og innanfélags/millifélagamót haldin af félögum.

⁴ Ef viðkomandi er búsettur erlendis og hefur tök á því að sækja námskeið hjá öðru skautasambandi þarf að skila inn staðfestingu þess efnis frá því sambandi sem námskeið er sótt hjá. (Skilyrði er að viðkomandi samband sé aðili að ISU).

1.2.1 Félagaréttindi

- Hefur náð 16 ára aldri
- Stenst próf fyrir Félagakerfiseréttindi dómara
- Einstaklingar með réttindi tæknisérfræðings geta sótt um að fá réttindi metin. Rökstuðningur skal sendur á taekninefnd@iceskate.is.

1.2.2 Grunnaréttindi

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja Félagaréttindum
- Hefur náð 16 ára aldri
- Stenst próf fyrir grunnaréttindi dómara

1.2.3 ÍSS réttindi

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja grunnaréttindum
- Hefur náð 16 ára aldri
- Stenst próf fyrir grunnaréttindi dómara

1.2.4 Landsréttindi

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja ÍSS réttindum
- Hefur starfað í minnst eitt ár með ÍSS réttindi og dæmt ISU flokka
- Hefur náð 20 ára aldri
- Stenst próf fyrir landsréttindi dómara

1.2.5 International réttindi

- Sjá reglur ISU
- Öll réttindi og kröfur sem fylgja landsréttindum
- Stenst próf ISU fyrir international dómara
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi

1.2.6 ISU réttindi

- Sjá reglur ISU
- Öll réttindi og kröfur sem fylgja international réttindum
- Stenst próf ISU fyrir ISU dómara

1.2.7 Grunnprófsréttindi

- Stenst próf í dómgæslu grunnprófsmynstra

1.2.8 Grunnaréttindi yfirdómara (REF)

- Hefur náð 20 ára aldri
- Stenst próf fyrir grunnaréttindi yfirdómara
- Hefur starfað sem dómari í minnst tvö ár

1.2.9 ÍSS réttindi yfirdómara (REF)

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja grunnaréttindum
- Hefur náð 22 ára aldri
- Hefur starfað sem dómari í minnst tvö ár, þarf af minnst eitt ár með ÍSS réttindi eða hærra
- Stenst próf fyrir ÍSS réttindi yfirdómara

1.2.10 Landsréttindi yfirdómara (REF)

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja ÍSS yfirdómararéttindum
- Hefur starfað sem dómari í minnst fjögur ár, þarf af minnst eitt ár með landsréttindi eða hærra
- Hefur starfað sem yfirdómari með ÍSS réttindi í minnst eitt ár

- Stenst próf fyrir landsréttindi yfirdómara

1.2.11 Grunnréttindi tæknistjórnenda (TC)

- Hefur setið sem dómari með minnst ÍSS réttindi í minnst eitt ár
- Hefur náð 20 ára aldri
- Stenst próf fyrir grunnréttindi tæknistjórnenda

1.2.12 ÍSS réttindi tæknistjórnenda (TC)

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja grunnréttindum
- Hefur minnst landsréttindi sem dómari
- Hefur náð 22 ára aldri
- Stenst próf fyrir ÍSS réttindi tæknistjórnenda

1.2.13 Landsréttindi tæknistjórnenda (TC)

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja ÍSS réttindum tæknistjórnenda
- Hefur starfað sem tæknistjórnandi með ÍSS réttindi í a.m.k. eitt ár og setið sem TC í ISU flokkum
- Stenst próf fyrir landsréttindi tæknistjórnenda

Um frekari réttindi ISU fyrir tæknistjórnendur og yfirdómara má sjá í reglum ISU. Allir með réttindi frá ISU (international eða ISU) geta haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi.

1.3 Tæknisérfræðingar (TS)

Tæknisérfræðingar starfa samkvæmt reglum ISU. Hlutverk tæknisérfræðinga er að auðkenna element og meta erfiðleikastig m.v. gildandi reglur.

ÍSS sér um menntun tæknisérfræðinga.

Til að hefja nám þarf viðkomandi að hafa verið:

- Keppandi á efstu stigum íþróttarinnar (ISU flokkar)
- Vera virkur í íþróttinni t.d. sem þjálfari og/eða nefndarmeðlimur

Til að sækja tækninámskeið ÍSS og sitja sem æfingatæknisérfræðingur þarf viðkomandi að verða að minnsta kosti 15 ára á árinu. Til að þreyta próf sem tæknisérfræðingur þarf viðkomandi að verða að minnsta kosti 16 ára á árinu.

Tæknisérfræðingar undir 18 ára þurfa að vera amk. einu ári eldri en elsti keppandi í þeim flokki sem þeir dæma. Í sérstökum tilfellum getur ÍSS gert undanþágu á þessari reglu. Þessi regla á ekki við um „adult“ flokka.

Æskilegt er að nýjir tæknisérfræðingar sitji amk. tvö mót sem æfingatæknisérfræðingar áður en þeir dæma sitt fyrsta mót. Æskilegt er að nýr tæknisérfræðingur sitji sem ATS fyrstu þrjú mótin. Þetta á ekki við um Félagakerfi.

1.3.1 Grunnréttindi

- Hefur náð 16 ára aldri
- Stenst próf fyrir grunnréttindi tæknisérfræðinga

1.3.2 ÍSS réttindi

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja grunnréttindum tæknisérfræðinga
- Hefur náð 18 ára aldri
- Stenst próf fyrir ÍSS réttindi tæknisérfræðinga

1.3.3 Landsréttindi

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja ÍSS réttindum tæknisérfræðinga
- Hefur starfað sem TS á ÍSS stigi í amk. eitt ár
- Hefur setið sem ATS í ISU flokkum og sem TS í ISU/ÍSS flokkum
- Hefur náð 20 ára aldri
- Stenst próf fyrir landsréttindi tæknisérfræðinga

1.3.4 International réttindi

- Sjá reglur ISU
- Öll réttindi og kröfur sem fylgja landsréttindum
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi
- Stenst próf ISU fyrir international réttindi tæknisérfræðinga

1.3.5 ISU réttindi

- Sjá reglur ISU
- Öll réttindi og kröfur sem fylgja international réttindum
- Stenst próf ISU fyrir ISU réttindi tæknisérfræðinga

1.3.6 Grunnprófsréttindi

- Stenst próf í dómgæslu grunnprófsmynstra

1.4 Tæknifólk (DRO)

Tæknifólk starfar samkvæmt reglum ISU. Tæknifólk er hluti af tæknipanel og sjá um að slá ákvarðanir tæknipanelis inn í tölvukerfi og klippa myndbönd til að flýta fyrir vinnu dómara- og tæknipanelis.

ÍSS sér um menntun tæknifólks.

Æskilegt er að DRO séu fyrrverandi skautarar eða reglulegir starfsfólk í íþróttinni t.d. þjálfarar eða dómarar, vel tölvufærir og orðnir 18 ára.

1.4.1 Grunnréttindi

- Getur starfað á öllum millifélaga- og innanfélagsmótum
- Hefur náð 18 ára aldri
- Stenst próf fyrir grunnréttindi tæknifólks

1.4.2 Landsréttindi

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja Grunnréttindum
- Hefur náð 20 ára aldri
- Stenst próf fyrir landsréttindi tæknifólks

1.4.3 International réttindi

- Sjá reglur ISU
- Öll réttindi og kröfur sem fylgja landsréttindum
- Stenst próf ISU fyrir international DRO
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi

1.4.4 ISU réttindi

- Sjá reglur ISU
- Öll réttindi og kröfur sem fylgja international réttindum
- Stenst próf ISU fyrir ISU DRO

2 Vanhæfi

2.1 Allt starfsfólk á panel

Allt starfsfólk á panel starfar eftir reglugerð ÍSS um vanhæfi (Reglugerð nr. 113). Sá sem telur að seta sín á panel hvort sem það er í ákveðnum flokkum, ákveðnu kerfi osfr. orki tvímælis vegna vanhæfis skal vekja athygli mótshaldara á því. Starfsmaður ber ábyrgð á að meta vanhæfi sitt og/eða bera vafaatriði undir yfirdómara/tæknistjórnanda.

Fái starfsmaður vitneskju um það á mótssað að hæfi hans sé dregið í efa skal hann tilkynna slíkt til yfirdómara/tæknistjórnanda. Yfirdómari/tæknistjórnandi skal gæta vel að hugsanlegu vanæfi sínu. Yfirdómari getur beðið tæknistjórnanda um álit og öfugt.

2.1.1 Þjálfarar, starfsfólk og iðkendur Félaga

Vanhæfi getur að auki átt við vegna þjálfunarstarfa, einkatíma, reglulegar ráðgjafar, þátttöku í keppnum og annarra starfa er talin eru geta haft áhrif á hlutdrægni starfsfólks á panel.

2.1.1.1 Dómgæsla í flokkum sem þjálfað er í

Starfsfólk á panel getur ekki setið á panel í flokkum sem það þjálfar. Innanfélagsmót hjá öðrum félögum en viðkomandi starfar hjá sem og mót erlendis eru þó undanskilin. Þjálfari skal aldrei dæma iðkendur sem hann þjálfar. Starfsmönnum á panel sem starfa sem þjálfarar ber að upplýsa ÍSS um eðli þjálfarastarfa sinna árlega í starfsskýrslu sinni og oftast ef þurfa þykir.

2.1.1.2 Að hætta þjálfarastörfum

Hætti viðkomandi störfum sínum sem þjálfari getur hann ~~ekki~~ í fyrsta lagi hafið dómgæslu/störf á panel:

- í þeim keppnisflokkum sem hann þjálfaði ~~fyrir en~~ á næsta keppnistímabili og að minnst sex mánuðum liðnum frá starfslokum.
- á skautara sem hann þjálfaði sem aðal þjálfari í lengri tíma eftir amk. tvö ár frá starfslokum.

Að þessum lágmarkstíma liðnum er það á ábyrgð starfsmanns að meta vanhæfi sitt.

2.1.1.3 Starfsmenn sem einnig eru keppendur/fyrirverandi keppendur

Starfsmaður sem einnig er keppandi skal ekki sitja á panel né koma að fundum/hafa bein samskipti við starfsfólk á panel fyrir en keppni er lokið í hans flokki (úrslit eru undirrituð). Starfsmaður á panel skal ekki koma að dómgæslu (þ.m.t. fundir) skautara sem hann keppti við fyrir en tveimur árum eftir að hann hættir keppni. Starfsmaður sem einnig er iðkandi hjá félagi skal einnig huga vel að vanhæfi sínu þegar kemur að iðkendum sem hann æfir með eða er að öðru leyti í töluverðum samskiptum við hvort sem er innan eða utan skautafélagsins. Það er á ábyrgð starfsmannsins að benda á vanhæfi sitt.

2.1.1.4 Skráning félags starfsmanna

ÍSS skráir hjá sér hjá hvaða félagi starfsfólk starfar/æfir. Viðkomandi verður skráður hjá því félagi í tvö tímabil eftir æfinga-/starfslok. Ekki er heimilt að meirihluti starfsmanna á dómaraþing né tæknipanel sé skráður hjá sama félagi.

2.1.1.5 Að fylgja keppendum á mót

Tæknisérfræðingar og DRO skulu leitast við að fylgja ekki keppendum á mót sem þeir einnig starfa á. Taka skal þau mót sem fylgt og starfað er á sérstaklega fram í árlegri starfsskýrslu.

2.2 Dómarar, REF, TC

Dómarar, REF og TC fylgja strangari reglum um vanhæfi en TS og DRO.

Dómarar skulu ekki koma að þjálfun grunnprófa í félögum, hvorki almennri þjálfun grunnprófa eða einkatímum.

Dómarar geta sem þjálfarar ekki fylgt keppendum á mót sem þeir einnig starfa á.

2.2.1 Dómarar sem einnig þjálfar eða keppa

Dómarar sem þjálfar/æfa hjá félagi fara eftir reglum í kafla 2.1.1 sem og eftirfarandi reglum.

Starfsfólk félaga sem hafa eða eru keppendur í keppniskerfi ÍSS skulu ekki dæma ISU flokka á ÍSS mótum né grunnpróf. Þjálfarar/keppendur sem eru dómarar skulu ekki sitja dómarafundi í þeim flokkum sem þeir þjálfar/keppa í.

3 Dómgæsla í grunnprófum

3.1 Starfsfólk í prófum

Mynstur: Yfirdómari og meðdómari.

Element: Yfirdómari, meðdómari og tæknisérfræðingur/-stjórnandi (ekki nóg að annar dómari sé líka tæknisérfræðingur/-stjórnandi).

3.1.1 Skyldur beggja dómara

- Dæmir öll próf samkvæmt viðmiðum
- Tekur mat tæknisérfræðings/stjórnanda til greina samkvæmt viðmiðum
- Metur hvort próftaki stóðst próf samkvæmt viðmiðum
- Próftaki þarf að ná hjá báðum dómurum
- Tekur þátt í umræðum ef dómari er ósammála tæknisérfræðing/tæknistjórnanda
- Fer eftir þeim skyldum dómara frá ISU sem við á

3.1.2 Skyldur yfirdómara

- Ber ábyrgð á að skjöl séu rétt meðhöndluð (dómarablöð og önnur skjöl)
- Samskipti við skipuleggjendur, þjálfara og skautara
- Ábyrgð á að próf fari rétt fram (tímataka, flauta, fundur fyrir próf osfr.)
- Ís sé í nógu góðu standi fyrir próf
- Ber ábyrgð á að útfyllt dómarablöð komist til skila á skrifstofu ÍSS

3.1.3 Skyldur tæknisérfræðings/-stjórnanda

- Dæmir próf samkvæmt gildandi viðmiðum ISU
- Upplýsir dómara um niðurstöður
- Köll hans standa og hafa bein áhrif á úrslit prófs
- Tekur þátt í umræðum ~~ef dómari er ósammála kalli~~
- Tekur lokaákvörðun um öll köll

3.1.4 Nauðsynleg skjöl

- Grunnprófshandbók
- Grunnprófskröfur
- Mynstur sem dæmd eru

- Dómaraviðmið fyrir mynstur
- Dómaraviðmið fyrir skylduæfingar (ISU)
- Tæknihandbók fyrir það próf sem við á (ISU) [tæknisérfræðingur/-stjórnandi]

3.2 GOE fyrir e, << og V

Þegar e, << og V er kallað á element hefur það sömu áhrif dómaraeinkunn og í IJS (semsagt engin áhrif frá V). Þegar mínusar eru taldir fyrir reskate teljast mínusar sem dómari gaf nema ef mínusar voru færri en þrír. Þá telst element með e, << eða V sem -3.

Dæmi 1: CoSpV2 +1, önnur element hafa samtals -4. Við drögum -3 niður fyrir element með V og heildarfjöldi mínusa er $-4 - 3 = -7$

Dæmi 2: CoSpV2 -5, önnur element hafa samtals -4. V breytir engu, við drögum -5 niður fyrir elementinu sem áður og fáum $-4 - 5 = -9$

Dæmi 3: 2Lze -2, önnur element hafa samtals -4. Við drögum -3 niður fyrir element með e og heildarfjöldi mínusa er $-4 - 3 = -7$

Önnur atriði dómgæslu grunnprófa má finna í Grunnprófhandsbók.

4 Dómgæsla í Félagakerfi

Dómgæsla í Félagakerfi ÍSS fer eftir Dómarahandbók Félagakerfis og keppnisreglum ÍSS. Krafa um dómara fundi og yfirdómaraskýrslu er sú sama í Félagakerfi og IJS.

5 Dómgæsla í IJS

Dómgæsla í International Judging System (IJS) fer eftir reglum ISU og keppnisreglum ÍSS.

5.1 Fundir og æfingar

Yfirdómari skal halda Initial Judges Meeting (IJM) og pre-event meeting með öllum dómurum fyrir mót og Round Table Discussion (RTD) eftir öll mót. Tæknistjórnanda skal gefið færi á að sitja/samskipuleggja þessa fundi. Engin krafa er gerð á lengd funda né hversu langt líður á milli IJM og pre-event meeting. Skyldumæting er fyrir dómara á alla fundi. Yfirdómari getur gefið leyfi frá fundi í undantekningartilfellum.

Tæknistjórnandi skal halda Technical Panel Meeting (TPM) fyrir og Technical Panel Review (TPR) eftir öll mót í International Judging System (IJS). Engin krafa er gerð um lengd þessara funda.

Skyldumæting er fyrir tæknipanel á aðalæfingar (ISU flokkar) fyrir stutt prógram á Íslandsmeistaramóti og alþjóðlegum mótum. Tæknistjórnandi getur gefið undanþágu frá þessari kröfu í undantekningartilfellum. Æskilegt er að tæknipanel mæti einnig á aðalæfingar fyrir önnur mót eins og við á.

5.2 Skýrslur

Eftir mót á Íslandi skal yfirdómari skila yfirdómaraskýrslu og tæknistjórnandi skila tæknistjórnendaskýrslu í tölvupósti á taeknirad@iceskate.is og info@iceskate.is innan 14 daga frá mótslokum.

Skýrslur yfirdómara og tæknistjórnanda eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og upplýsingar úr þeim er aðeins deilt með viðeigandi aðilum/nefndum ef þörf er á. Komi upp sú staða að formaður Tækninefndar eða starfsmaður skrifstofu sé vanhæfur til að fjalla um hluta skýrslunnar er það á ábyrgð yfirdómara/tæknistjórnanda að skipta upplýsingum eftir því sem við á. Yfirdómari/tæknistjórnandi getur fengið stuðning til þess frá trúnaðarmönnum og/eða formanni ÍSS.